

AUGLÝSING

um skiptingu starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrunum:

Steingrímur Hermannsson fer með forsætisráðuneytið.

Geir Hallgrímsson fer með utanríkisráðuneytið.

Albert Guðmundsson fer með fjármálaráðuneytið.

Alexander Stefánsson fer með félagsmálaráðuneytið.

Halldór Ásgrímsson fer með sjávarútvegsráðuneytið.

Jón Helgason fer með landbúnaðar-, dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Matthías Bjarnason fer með heilbrigðis-, tryggingamála- og samgönguráðuneytið.

Matthías Á. Mathiesen fer með viðskiptaráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Ragnhildur Helgadóttir fer með menntamálaráðuneytið.

Sverrir Hermannsson fer með iðnaðarráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skiptingu starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 26. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.